

Nd.

58. Frumvarp

til laga um einkasölu landsstjórnarinnar á sementi.

Flutningsmaður: Einar Jónsson.

1. gr.

Landsstjórninni veitist einkaheimild til að kaupa svo mikið sement, er henni þurfa þykir til byggingar í landinu, og sjá um innflutning á því. Sementið skal selja kaupfjelögum, kaupmönnum, sveitarfjelögum og öðrum, samkvæmt nánari fyrirmælum, er landsstjórnin setur.

Til framkvæmda þessu má stjórnin verja fje úr landssjóði eða taka peningalán, eftir því sem nauðsyn krefur.

2. gr.

Meðan landsstjórnin notar þessa heimild, er engum öðrum leyflegt að flytja hingað til landsins sement, nema með sjerstökuleyfi hennar.

3. gr.

Selja skal sementið fyrir það verð, er svarar innkaupsverði og öllum kostnaði. Skulu tveir menn endurskoða ársreikning verslunar þessarar. Skal annan manninn velja af Búnaðarfelagi Íslands, en hinn af byggingarnefnd Reykjavíkur.

4. gr.

Um leið og verslun landsins með sement byrjar, fellur vörutollur sá niður af sementi, sem ákveðinn er í lögum nr. 30, 22. okt. 1912, um vörutoll.

5. gr.

Brot gegn 2. gr. varða sektum, alt að 100,000 kr., og skal ólöglega innflutt sement upptækt. Andvirði þess og sektarlje rennur í landssjóð.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

6. gr.

Lög þessi koma í gildi fyrir árslok 1918.

Ástæður fyrir frumvarpi þessu.

Þetta frv. er fram komið eftir einróma ályktun þingmálafundar í Rangárvallasýslu, en auk þess er, að því er virðist, áhugi þjóðarinnar í heild sívaxandi fyrir því, að landsstjórnin hafi vald og áhuga á innflutningi og sölu hinna allra stærstu nauðsynjavara. En ein af þeim vörutegundum er sementið óneitanlega.

Mjög víða hagar svo til í landinu, að sand og grjót má notfæra án mikils kostnaðar, en svo framt koma þau efni að haldi, að sement fáist jafnhliða, og þá með þeim kjörum, sem almenningur er fær um að sæta, efnanna vegna.

Að vísu hefir orðið því að hlíta til skamms tíma, að byggja hús, brýr og fleiri mannvirki úr öðrum endingarverri efnum en sementssteypu. Liggja þar til margar ástæður.

1. Fram til þessa hefir vantað menn með kunnáttu á vel unninni steinsmiði.
2. Upp í landið næstum ókleift að flytja sement frá lendingarstöðum, vegna erfiðra aðdrátta.
3. Efnið einatt misjafnt að gæðum frá fyrstu hendi, skemt og lítills nýtt þegar heim kom — jafnvel orðið að steini í umbúðunum.
4. Vörutollslögin komið óhæfilega þungt niður á þessari vöru, jafn-nauðsynlega og hana má telja, o. s. frv.

Alt þetta hefir dregið kjark úr mönnum til að afla sjer sements til að framkvæma þau mannvirki, sem reynslan sýnir að ógerningur er að gera eða endurnýja með því sama efni, sem menn hafa áður neyðst til að nota.

En verði frumvarp þetta samþykkt og stjórnin taki að sjer einkasölu á sementi, þá er vissa fengin fyrir því, að með þeim breyttu kringumstæðum, sem orðnar eru á 1. og 2. lið ástæðnanna, er að framan eru taldar, og vissu þeirri, sem nokkurn veginn má byggja á um betri vöruvöndun á þennan hátt en hinn sem gildir, auk vörutollsafráms, sem er í samræmi við önnur einkasölufrumv., sem fram eru komin, þá megi vænta þess, að almenningshagur batni og framfarir aukist, án aukinna útgjalda fyrir landssjóð.

Að öðru leyti munu nánari ástæður fyrir frv. færðar við 1. umræðu málsins.